

Nd.

830. Lög

um heimild til löggildingar á fulltrúum bæjarfógeta til þess að gegna eiginlegum dómarastörfum, o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 15. sept.).

1. gr.

Dómsmálaráðherra er, auk þess, sem áður hefir tíðkast, heimilt að löggilda menn, sem fullnægja lagaskilyrðum fyrir að hafa á hendi dómaraembætti hér á landi, til þess að skipa dómaraæti í lögreglumálum og halda sakamálsrannsóknir í kaupstöðum landsins í forföllum hins reglulega dómara og á hans ábyrgð.

2. gr.

Heimilt er lögreglustjóranum í Reykjavík og löggiltum fulltrúa hans að taka boði sökunauts um að greiða hæfilega sekt samkvæmt gildandi lögum, til þess að sleppa hjá dómi, og skal afplána þær sektir eftir reglum um afplánun fjesepta í öðrum málum en sakamálum.